

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. laga nr. 40 frá 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bann við vinstri beygjum af Háaleitisbraut til norðurs og suðurs í Kringlumýrarbraut hefur verið afnumið.
2. Einstefnuakstur verður frá og með 5. apríl n. k. í Naustunum til suðurs frá Tryggvagötu að Hafnarstræti.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. marz 1973.*

**Sigurjón Sigurðsson.**

3. apríl 1973.

Nr. 113.

## GJALDSKRÁ

### Hitaveitu Sauðárkróks.

#### I. KAFLI

##### 1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfestri 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

##### 2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

##### 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. sept. ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín. lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín. lítra.

#### II. KAFLI

##### 4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir: Vatnsgjald allt að kr. 440.00 á mánuði fyrir hvern mín. lítra í hámarksstillingu hemils.

##### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða